

Minnisblað vegna málefnis hælisleitenda og flóttamanna

Beiðni barst frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu þann 17. október 2022 með tölvupósti þar sem farið var á leit við Sveitarfélagið Árborg að útfæra þjónustu á Kumbaravogi þar sem Framkvæmdasýsla - Ríkiseignir (FSRE) stefna að því að taka Kumbaravog á leigu fyrir einstaklinga sem eiga umsókn um alþjóðlega vernd og bjóða þeim svo búsetu þar þegar verndin er komin í gegn og einstaklingarnir fá þá stöðu flóttafólks.

Tölvupóstur barst svo frá Vinnumálastofnun þann 18. október 2022 þar sem sveitarfélaginu var kynntur samningur sem gerður var við Reykjavíkurborg og væri hafður til hliðsjónar við samning við Árborg, um þjónustu við einstaklinga sem eru að bíða eftir svari við umsókn um alþjóðlega vernd, í allt að átta vikur eftir að viðkomandi fær veitta vernd.


Fulltrúar Sveitarfélagsins Árborga hafa í fjórgang rætt við ráðuneytið um áform þeirra að opna úrræði á Kumbaravogi og þar var farið yfir ýmsa þætti, svo sem staðsetningu, atvinnumál, almenningsamgöngur, skólamál og fleira. Einnig var rætt um fjármagn og hlutverk sveitarfélagsins. Á þessum fundum var sjónarmiðum sveitarfélagsins komið á framfæri og óskað eftir því að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leitaði annara kostna en að taka Kumbaravog á leigu, enda er að mati starfsmanna sveitarfélagsins ekki um hentugt húsnæði að ræða og þjónusta á staðnum takmörkuð.

Frá því að samræmd móttaka flóttafólks hófst þann 1. apríl 2021 hefur sveitarfélagið sinnt í heildina 44 einstaklingum, 18 einstaklingum árið 2021 og að auki 26 einstaklingum þar sem er af ári 2022. Í beiðni frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu er óskað eftir því að sveitarfélagið þjónusti þá 54 einstaklinga sem koma til með að dvelja á Kumbaravogi. Beiðnin felur í sér rekstur á úrræði fyrir hælisleitendur og að halda áfram þjónustu við þá eftir að þeir fá alþjóðlega vernd.

Lagt er til að ekki verði orðið við beiðni frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Vinnumálastofnun um að sveitarfélagið taki að sér rekstur á úrræði fyrir hælisleitendur. Aftur á móti er lagt að stækka verkefnið um samræmda móttöku. Ástæða þess er sú staðreynd að einstaklingarnir verða þegar komnir í sveitarfélagið og munu sækja sér grunnþjónustu. Með því að taka aukinn fjölda einstaklinga í samræmda móttöku verður hægt að tryggja að fjármunir komi frá ríkinu sem auðveldar okkur að sinna þessum hópi. Því er lagt til að sinna þeim einstaklingum sem koma næstu 12 mánuðina á Kumbaravog og þiggja boð um að fara í móttökusveitarfélagsverkefni að því hámarki sem samningur verður gerður um. Í heildina gæti því komið allt að 98 einstaklingar frá maí 2021 og fram á næsta ár. Sá fjöldi er talinn vera við þolmörk innviða okkar til að geta tryggt farsæla þjónustu við flóttamenn og að aðlögun þeirra verði með sem besta móti.

Vinnumálastofnun og Fjölmeningarsetur munu leggja upp með að halda íbúafund á Stokkseyri til að kynna verkefnið með þátttöku Árborgar. Starfmenn sveitarfélagsins leggja mikið upp úr góðri samvinnu við þær stofnanir sem koma að verkefninu en samkvæmt upplýsingum er stefnt á að fyrstu íbúarnir flytji inn fyrri hluta nóvember.

Virðingarfyllt,



Anna Katarzyna Wozniczka,
verkefnastjóri í málefnum
flóttamanna



Heiða Ösp Kristjánsdóttir,
deildarstjóri félagsþjónustu



Þorsteinn Hjartarson,
sviðsstjóri